

Nd.

320. Nefndarátt

um frumvarp til laga um lýsismat.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir haft mál þetta til meðferðar, og er henni það ljóst, að nauðsyn beri til að setja lög um þetta efni.

Að vísu gæti svo virst, sem betur færi á því, að sjerstakir menn hefðu lýsismatið með höndum en að það sje falið fiskimatsmönnum, sem litla eða enga sjerþekkingu hafa á lýsisverkun og lýsissölu, en þess er að gæta, að hjer á landi eru fáir menn, er hafa þessa sjerþekkingu, en lýsisverkun og lýsisverslun rekin því nær í hverju fiskiveri landsins, svo að torvelt mundi að fá menn til matsins, er sjerstaklega hefðu við slíkt fengist áður.

Það mundi og verða of dýrt að skipa yfirmatsmenn fyrir þessa einu vörutegund, enda virðist mega vænta þess, að fiskimatsmenn geti fljótlega átt að sig á flokkuninni eftir leiðbeiningum þeim, er þeir væntanlega mundu fá frá kaupendum lýsisins.

Nefndin ræður því deildinni til að fallast á frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 4. ágúst 1917.

Sveinn Ólafsson,
formaður.

Pjetur Ottesen,
skrifari.

Matth. Ólafsson,
framsm.

Jörundur Brynjólfsson.

B. R. Stefánsson.